Lúðrasveit Hafnarfjarðar með tónleika

Lúðrasveit Hafnarfjarðar heldur tónleika í íþróttahúsinu í Hafnarfirði á morgun klukkan 16. Sveitin, sem telur 40 hljómfæraleikara, flytur ýms lúðrasveitarlög og forleiki. Stjórnandi verður Hans Kloder Fransson og kynnir Steinþór Einarsson.

—KÞ


Frönsk tónlist frá upphafi aldarinnar

– á þriðju Háskólatónleikum vetrarins


Þriðju Háskólatónleikar vetrarins verða í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut laugardaginn 7. febrúar 1981 kl. 17.00

Flytjendur eru Manuela Wiesler flautuleikari og Julian Dawson-Lyell pianóleikari

Á efnisskránni er frönsk tónlist frá upphafi þessarar aldar og eiga tónverkin það sameiginlegt að vera fyrst og fremst til skemmtunar, bæði flytjendum og áheyrendum. Sumt af tónlistinni mætti flokka sem skemmtitónlist eða kaffihúsatónlist. Flutt verða verk eftir F. Borne, G. Fauré, J. Mouquet, A. Roussel og P.A. Génin.



Guðmundur Ármann við málverk sitt, Hörgárdalur. Skyldi þetta vera lengsta málverk á Íslandi?



Sigurður Þórir með eitt olíuverka sinna, frá höfninni í Reykjavík.

Lengsta málverk á Íslandi?

Vinnan – Fólkið – Landið – yfirskrift málverkasýningar sem opnar á að Kjarvalsstöðum í dag

Vinnan — Fólkið — Landið nefnist málverkasýning sem í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum. Það eru tveir ungir myndlistarmenn em þar sýna saman olíumálverk, grafík og teikningar. Eins og yfirskrift sýningarinnar ber með sér, er viðfangsefnið fólkið í landinu við leik og störf í borg og sveit,. Karlar í uppskipun, kerlingar í verksmiðjum og svo framvegis.

Sýningin sem er sölusýning er í Vestursal Kjarvalsstaða og stendur til 22. febrúar.

„Kynntumst í Prentsmiðjunni Eddu."

Það eru þeir Sigurður Þórir og Guðmundur Ármann, sem eiga verkin á þessari sýningu, sá fyrrnefndi er Reykvíkingur en hinn Akureyringur, að vísu aðfluttur.

— En hvers vegna eruð þið að sýna saman?

„Ja, við kynntumst á sínum tíma í Prentsmiðjunni Eddu, sem pollar." segja þeir kumpánar og kíma. „Síðan skildu leiðir, en við vissum alltaf hvor af öðrum og vissum, að báðir voru að fást við svipaða hluti. Næsta sem gerðist, var að við hittumst á Akureyri fyrir um það bil tveimur árum, tókum tal saman og útkoman er þessi sýning hér."

Sigurður Þórir og Guðmundur Ármann eru báðir lærðir frá Handíða- og myndlistaskóla Íslands. Eftir að námi þar lauk héldu báðir til framhaldsnáms, Sigurður til Kaupmannahafnar, Guðmundur til Gautaborgar. Báðir tveir hafa haldið margar sýningar, einka- og samsýningar bæði heima og erlendis og víðast hlotið hinar bestu viðtökur.

— Hvernig er það, hafið þið í ykkur og á með myndlistinni einni saman?

„Nei, nei, ertu alveg frá þér," var svarið.

„Ég er kennari að aðalstarfi, en hleyp í myndlistina hvenær sem færi gefst," sagði Sigurður Þórir.

„Og ég rek teiknistofu og skiltagerð á Akureyri," sagði Guðmundur Ármann.

Myndirnar á sýningunni eru allar fremur nýlegar. Myndir Guðmundar eru frá '79 og '80 og aðeins örfáar eldri, en myndir Sigurðar frá árunum '77 til '80. Myndir þess fyrrnefnda sýna verksmiðjufólk við vinnu sína í verksmiðjum Gefjunar og Iðunnar á Akureyri, verkamenn við vinnu sína eða í kaffihléum og auk þess eru nokkrar landslagsmyndir, þar á meðal ein frá Hörgárdalnum sem er hvorki meira né minna en 8 metra löng.

— Er þetta lengsta mynd á Íslandi?

„Ja, ég veit það nú ekki, en ég gæti best trúað því," sagði Guðmundur.

Myndir Sigurðar sýna verkamenn við vinnu sína á götum Reykjavíkur, við Höfnina og inná vinnustöðum ýmiss konar.

— Eruð þið vongóðir með undir tektir.

„Ja, verður maður ekki að vera það," svöruðu þeir og nú var haldið áfram að hengja upp, því stuttur tími var til stefnu.


—KÞ

BORGAR bíóið
SMIÐJUVEGI 1, KÓP. SÍMI 43500
(Útvegsbankahúsinu austast í Kópavogi)

Börnin
(The children)



Ný amerísk geysispennandi og hrollvekjandi mynd um börn sem verða fyrir geislavirkni. Þessi mynd er alveg ný af nálinni og sýnd nú um þessar mundir á áttatíu stöðum samtímis í New York við metaðsókn.
Leikarar:
Marlin Shakar
Gil Rogers
Gale Garnett
íslenskur texti
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11
Bönnuð innan 16 ára.



Bær dýranna
Bráðskemmtileg teiknimynd eftir hinni heimsfrægu sögu George Orwell „Animal Farm".
Sýnd kl. 3 sunnudag.

Bílbeltin hafa bjargað
UMFERÐAR RÁÐ

NÝJA BÍÓ

La Luna



Stórkostleg og mjög vel leikin ítölsk-amerísk mynd eftir Bernardo Bertolucci. Mynd sem víða hefur valdið uppnámi vegna auglýsinga á mjög sterkum böndum milli sonar og móður.
Aðalhlutverk: Jill Clayburgh og Matthew Barry.
Bönnuð börnum innan 16 ára.
Sýnd kl. 5 og 9.

HAFNARFJARÐARBÍÓ
Sími 50249

Flakkararnir
(The Wanderers)
Myndin, sem vikuritið Newsweek kallar Grease með hnúajárnum.
Leikstjóri: Philip Kaufman.
Aðalhlutverk: Ken Wahl, John Freidrich, Tony Kalem.
Sýnd kl. 9.

Í dag og á morgun sunnudag.

Í lausu lofti
Bráðskemmtileg gamanmynd sýnd í dag og sunnudag kl. 5
Síðasta sinn.

Kosningaveislan
Sýnd sunnudag kl. 7

Marko Polo
Bráðskemmtileg teiknimynd sýnd sunnudag kl. 3.


REGNBOGINN
☎ 19 000

KVIKMYNDHÁTÍÐ 1981.
Laugardagur 7. febrúar

Stjórnandinn
eftir A Wajda.
Nýjasta mynd pólska snillingsins.
Margföld verðlaunamynd.
Meðal leikenda John Gielgud og Kristyna Janda (stúlkan úr Marmaramanninum).
Sýnd kl. 5.10, 7.00, 9.00, 11.00

CHA — CHA.
Hörku rokkmynd með Ninu Hagen og Lene Lovich
Sýnd kl. 3.05, 5.05, 7.05, 9.05, 11.05.

Johnny Larsen
eftir Morten Arnfred.
Athyglisverð dönsk kvikmynd, margverðlaunuð í heimalandi sínu.
Sýnd kl. 3.10, 5.10, 7.10.



Solo Sunny
eftir Konrad Wolf.
Ný austurþýsk mynd um líf dægurlagastjörnu. Renate Krössner hlaut verðlaun fyrir leik sinn í aðalhlutverki.
Sýnd kl. 3.05, 5.05, 7.05.

Hversvegna Alexandria:
eftir Youssef Chahine.
Mjög sérstæð og litrík kvikmynd frá Egyptalandi. Hlaut Silfurbjörninn í Berlín '79.
Sýnd kl. 9.00 og 11.10.

Dekurbörn
eftir Bertrand Tavernier.
Frönsk mynd með úrvalsleikurunum Michel Piccoli og Christine Pascal.
Sýnd kl. 9.05 og 11.00.

Sunnudagur 8. febrúar.
Buster Keaton
(1). Skyldur gestrisninnar
(Our Hospitality).
Fyrsta myndin af átta sem sýndar verða eftir hinn óviðjafnanlega gamanleikara og snilling þöglu myndanna, Buster Keaton. Aukamynd: **Draugahúsið.**
Sýnd kl. 14.30, 5.00, 7.00.

CHA CHA.
Hörku rokkmynd með Ninu Hagen og Lene Lovich.
Sýnd kl. 3.05, 5.05, 7.05, 9.05, 11.05.

Perceval frá Wales
eftir Eric Rohmer.
Ný frönsk mynd eftir höfund **Greifafrúarinnar**, sem sýnd var í sjónvarpinu í janúar. Mjög nýstárleg og stílfærð túlkun á riddarasögu frá 12. öld.
Sýnd kl. 3.10 og 6.00.

XALA
eftir Ousmane Sembene.
Bráðskemmtileg verðlaunamynd frá Senegal.
Sýnd kl. 3.00 og 5.10.

Haustmaraþon
eftir Georgy Danelia.
Ný sovésk gamanmynd um mann semá erfitt með að velja á milli eiginkonu sinnar og hjákonu. Hlaut 1. verðlaun í San Sebastian 1979.
Sýnd kl. 7.20, 9.05, 11.05.

Buster Keaton
(2). Sherlock Júnior.
Með fjörugustu og hugmyndaríkustu myndum Keatons. Aukamyndir: **Nágrannar** og **Löggur.**
Sýnd kl. 9.10, 11.10.

Johnny Larsen
eftir Morten Arnfred. Danmörk '79.
Sýnd kl. 9.00 og 11.00.

HÁSKÓLABÍÓ
Sími 22140

Stund fyrir stríð



Ný og sérstaklega spennandi mynd um eitt fullkomnasta stríðsskip heims. Háskólabíó hefur tekið í notkun DOLBY STEREO hljómtæki sem njóta sín sérstaklega vel í þessari mynd.
Aðalhlutverk: Kirk Douglas, Katharine Ross, Martin Sheen.
Sýnd kl. 5, 7 og 9 í dag og 3, 5, 7 og 9 sunnudag.
Hækkað verð.

Marathon man
Hin geysivinsæla mynd með Dustin Hoffman og Laurens Oliver
Endursýnd í dag kl. 2.30
Bönnuð börnum.